



Umhverfis- og orkumálaráðuneytið  
Umhverfismálaráðherra

Norðurlandaráð  
Ved Stranden 18  
1061 København K  
Danmörku

## Svar við skriflegri fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda E 4/2018 um efni og efnasambönd í innfluttum vörum frá löndum utan ESB/EES-svæðisins

### Fyrirspurn:

1. Er haldin skrá um innfluttar vörur sem ekki uppfylla þær reglur um efni og efnasambönd, sem vörum framleiddum á ESB/EES-svæðinu ber að fylgja? Ef svarið er já, hversu víðtækt er vandamálið?
2. Ef þetta telst vera vandamál, hafa Norðurlöndin þá íhugað að beina sameiginlegu erindi til framkvæmdastjórnar ESB um þörf á endurskoðun reglna til að komast hjá því að íbúar Norðurlanda í framtíðinni komist í snertingu við eitrefni og efnasambönd í innfluttum vörum og til að tryggja jafna samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem koma við sögu?

### Svar frá ríkisstjórnunum Norðurlanda:

- Er haldin skrá um innfluttar vörur sem ekki uppfylla þær reglur um efni og efnasambönd, sem vörum framleiddum á ESB/EES-svæðinu ber að fylgja? Ef svarið er já, hversu víðtækt er vandamálið?  
Á vegum ESB er notast við svonefndan RAPEX-lista (Rapid Alert System). Þar geta aðildarríkin tilkynnt vörur sem þau telja að uppfylli ekki kröfur í reglum ESB, ef veruleg hættu stafar af vörunni. Allar ólöglegar vörur eru þar með ekki tilkynntar í RAPEX.

Í Svíþjóð er Efnaeftirlitið, *Kemikalieinspektionen*, sú stofnun sem sér um eftirlit með efnavörum og magni hættulegra efna og efnasambanda í vörum. Í Danmörku er það efnaeftirlit dönsku umhverfisstofnunarinnar sem sér um eftirlit með efnavörum og magni efna í vörum sem lúta reglum. Í Finnlandi heitir sambærileg stofnun Öryggis- og efnaeftirlitið, *Säkerhets- och kemikalieverket*.

Í Noregi hefur norska umhverfisstofnunin, *Miljødirektoratet*, eftirlit með því hvort sala vöru fylgi reglum um umhverfismál, meðal annars REACH-löggjöfinni og CLP-reglugerðunum. Matvælaeftirlitið hefur eftirlit með snyrtivörum og efnum sem komast í snertingu við matvæli. Ekki er haldin sérstök skrá um brot á regluverkinu. Eftirlitsstofnunin notar bæði RAPEX og ICSMS (Information and Communication System on Market Surveillance) til að geta fljótt miðlað upplýsingum til annarra evrópskra eftirlitsstofnana um vörur sem ekki standast gildandi reglur. Innflytjendur bera ábyrgð á að tryggja að vörur sem þeir flytja inn standist gildandi reglur. Reynsla af eftirliti í Noregi sýnir að nokkur vandamál hafa komið upp með innfluttar vörur. Innflytjendur þekkja ekki nægilega vel til regluverksins og skortir reynslu til að tryggja að gildandi reglum sé fylgt. Því fer fram mikil miðlun upplýsinga og leiðbeininga á vegum eftirlitsstofnana. Brot á regluverkinu geta leitt til kærur til lögreglu.

Ísland tilkynnir vörur inn á RAPEX-listann og Umhverfisstofnun á Íslandi gegnir eftirlitshlutverki. Á Íslandi er Umhverfisstofnun sú stofnun sem sér um eftirlit með efnavörum og magni hættulegra efna og efnasambanda í vörum.

Ísland heldur ekki vöruskrá og tekur ekki þátt í Reach-up verkefningu en tekur þátt í einu norrænu eftirlitsverkefni. Á Íslandi gildir sama löggjöf og í ESB vegna EES-samningsins hvað varðar efni og efnasambönd almennt séð, varnarefni og sæfiefni.

Finnland heldur ekki sérstaka skrá.

2. Ef þetta telst vera vandamál, hafa Norðurlöndin þá íhugað að beina sameiginlegu erindi til framkvæmdastjórnar ESB um þörf á endurskoðun reglna til að komast hjá því að íbúar Norðurlanda í framtíðinni komist í snertingu við eitrefni og efnasambönd í innfluttum vörum og til að tryggja jafna samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem koma við sögu?

ESB hefur bæði efnareglugerðir og vörulöggjöf sem kveða á um efnavörur og magn hættulegra efna og efnasambanda í vörum. Reglugerðirnar sem kveða á um grunnefni, plöntuvarnarefni og sæfiefni gilda beint í öllum aðildarríkjum ESB. Vörutillskipanirnar hafa þegar verið innleiddar í löggjöf landanna. Svíþjóð, Danmörk og Noregur hafa í sameiningu í gegnum svonefnt Reach up-verkefni vakið athygli framkvæmdastjórnar ESB á vandamálum tengdum hættulegum efnum í innfluttum vörum. Finnland hefur stutt þessar aðgerðir. Norðurlöndin eru í fararbroddi varðandi REACH-löggjöf ESB um efni til þess að koma reglum um heilsuspillandi og umhverfislega hættuleg efni í vörum í rétt horf.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja að fyrirspurninni sé hér með svarað.

Karolina Skog